

Starfsreglur foreldraráðs leikskólans Fífusala

1. Grein

Í foreldraráði sitja þrjú fulltrúar úr hópi foreldra, leikskólastjóri leikskólans og fulltrúi deildarstjóra sem tilnefndur er af leikskólastjóra fyrir hvert starfsár. Ráðið er kosið í að hausti ár hvert til eins árs í senn.

2. Grein

Leikskólastjóri kallar ráðið saman til fyrsta fundar á haustönn (október/nóvember) ár hvert.

3. Grein

Upplýsingar um fulltrúa ráðsins og starfsreglur þessar skulu vera aðgengilegar á vefsíðu skólans. Foreldrar skulu eiga kost á að hafa beint samband við fulltrúa foreldraráðs.

4. Grein

Formaður og ritari ráðsins eru kosnir á fyrsta fundi ráðsins. Formaður ráðsins skal vera úr hópi foreldra.

5. Grein

Foreldraráðið ákveður fastann fundartíma einu sinni í mánuði á sínum fyrsta fundi.

6. Grein

Aukafundir eru haldnir ef þurfa þykir.

7. Grein

Ef tveir aðilar innan ráðsins óska eftir aukafundi skal leikskólastjóri boða til hans innan viku frá því að beiðni um slíkt berst.

8. Grein

Fundargerðir skulu birtar á vef skólans. Leikskólastjóri eða fulltrúi deildarstjóra skal senda tölvupóst á alla foreldra og starfsmenn með upplýsingum um hvar nálgast megi fundargerðir ráðsins.

9. Grein

Leikskólastjóri upplýsir foreldraráð um öll meiriháttar mál sem geta haft áhrif á starfsemi leikskólans þannig að ráðinu gefist kostur á að taka þau til umfjöllunar.

10. Grein

Ráðið getur kallað aðra foreldra eða starfsmenn á fund eða til að vinna ákveðin verkefni eftir þörfum hverju sinni.

11. Grein

Verkefni foreldraráðs eru einkum:

- Mat á leikskólastarfinu
- Þróunarverkefni
- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Skóladagatal
- Vandamál tengd mannekle og öðrum starfsmannamálum
- Foreldrasamstarf
- Aðbúnaður barna og starfsmanna
- Stefna skólans
- Heimasíða skólans
- Sérkennsla

Þá fjallar ráðið um þau mál sem ráðið telur ástæðu til að taka til umfjöllunar hverju sinni.

12. Grein

Fulltrúar í foreldraráði skulu gæta þagmælsku um þau atriði sem þeir fá vitneskju um eða er trúað fyrir vegna setu þeirra í foreldraráði og varða viðkvæm atriði sem leynt skulu fara. Þagnarskyldan helst þótt fulltrúar láti af setu í foreldraráði.

13. Grein

Að öðru leyti en fram kemur í starfsreglum þessum vísast um hlutverk og framkvæmd starfa foreldraráðs til laga nr. 90/2008 um leikskóla. Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar árlega í upphafi hvers starfsárs.

Samþykkt á fundi foreldraráðs 10. janúar 2013